



# Samgönguúrbætur á Austurlandi

**Þjónustusókn, ferðir innan svæðis og viðhorf til samgönguúrbóta**

Tinna K. Halldórsdóttir & Jóhann Björn Sigurgeirsson  
desember 2022

## Helstu niðurstöður

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar veitti Austurbrú styrk til að framkvæma þá könnun sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu. Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá. Helstu niðurstöður eru:

- » Af þeim sem tóku þátt sagðist tæplega helmingur íbúa á Austurlandi geta hugsað sér að búa á Akureyri og fjórðungur sagðist geta hugsað sér að búa á Fljótshéraði. Aftur á móti sögðust einungis 5% þátttakenda geta hugsað sér að búa á Breiðdalsvík og 6% nefndu Mjóafjörð og Stöðvarfjörð sem fýsilegan búsetukost.
- » Þegar kemur að búsetugæðum og ánægju gefa íbúar á Stöðvarfirði sínum stað hæstu einkunn af öllum stöðum á Austurlandi. Þar á eftir koma íbúar Borgarfjarðar eystra. Hins vegar gefa íbúar Seyðisfjarðar og Eskifjarðar sínum stað lægstu einkunn af öllum stöðunum.
- » Þegar kemur að heildarniðurstöðu vegna viðhorfa til samgönguúrþóta á samgöngu-áætlun eru jákvæðustu viðhorfin gagnvart nýrri brú yfir Lagarfljót og Borgarfjarðarvegi.
- » Niðurstöður gefa til kynna að Fjarðarheiðargöng séu mikilvægustu samgönguúrþætturnar sem liggja fyrir á Austurlandi. Hins vegar er munur á milli búsetu svarenda hvaða samgönguúrþætur eru mikilvægastar. Borgfirðingar telja til að mynda Borgarfjarðarveg mikilvægastan, Djúpavogsbúar nefna Öxi og Breiðdælingar Suðurfjarðaveg.
- » Íbúar í Fjarðabyggð eru líklegri en íbúar í Múlaþingi til að meta áhrif Fjarðarheiðarganga og heilsársvegar yfir Öxi neikvæð fyrir þá staði sem samgönguúrþætturnar beinast að, s.s. Djúpavog og Egilsstaði.
- » Niðurstöður gefa til kynna að skortur á atvinnutækifærum sé helsta orsök brottflutnings og menntunartækifæri koma þar fast á eftir. Marktækur munur er á milli staða hvaða þættir hafa áhrif á brottflutning. Sem dæmi eru íbúar í Neskaupstað marktækt líklegri til að telja orsök brottflutnings vera flutninga fjölskyldu og vana á meðan íbúar á Seyðisfirði eru líklegri til að nefna samgöngur. Íbúar á Eskifirði eru marktækt líklegri til að nefna að slúður sé orsökina. Íbúar á Breiðdalsvík, Stöðvarfirði og Eskifirði eru líklegri en aðrir til að telja brottflutning vera vegna skorts á verslunarmöguleikum.

- »» Þegar kemur að ferðahegðun innan Austurlands segist um helmingur þátttakenda fara til Egilsstaða vikulega eða oftár og um þriðjungur kemur þangað mánaðarlega. Rúmlega þriðjungur svarenda fer til Reyðarfjarðar vikulega eða oftár. Um helmingur svarenda segist fara til Akureyrar fjórum til ellefu sinnum á ári og rúmlega fjórðungur svarenda segist fara til höfuðborgarsvæðisins einu sinni til fjórum sinnum á ári.
- »» Þegar skoðað er erindi ferða á milli staða á Austurlandi kemur í ljós að flestir sækja sér heilbrigðisþjónustu í Neskaupstað og til Egilsstaða. Að sama skapi sækir hátt hlutfall svarenda slíka þjónustu til Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Um fjórðungur svarenda sækir atvinnu til Reyðarfjarðar. Þegar kemur að sérvöruverslun og annarri þjónustu sækja flestir slíka þjónustu til Akureyrar og Egilsstaða. Átta af hverjum tíu sækja dagvöruverslun til Egilsstaða og rétt um sex af hverjum tíu sækja slíka þjónustu til Reyðarfjarðar. Íbúar Austurlands sækja menningarviðburði helst til Borgarfjarðar eystra, Akureyrar, höfuðborgarsvæðisins og Seyðisfjarðar.

## Efnisyfirlit

Helstuniðurstöður.....	1
Inngangur.....	4
Fyrri rannsóknir.....	5
Austurland.....	6
Lýðfræði.....	6
Vegakerfi.....	9
Niðurstöður.....	11
Búseta.....	12
Samgönguúrbætur.....	16
Brotflutningur.....	17
Áhrif samgönguúrbóta á samfélag.....	18
Ferðahegðun.....	19
Þjónusturannsókn.....	20
Samantekt.....	21

## Myndaskrá

Mynd 1. Íbúápróun á Austurlandi sl. 10 ár. Heimild. Hagstofa Íslands.....	6
Mynd 2. Hlutfallsleg breyting á íbúafjölda frá 2011 til 2021 eftir stöðum.....	7
Mynd 3. Hlutfallsleg breyting á íbúafjölda frá 2016 til 2021 eftir stöðum.....	8
Mynd 4. Vinnusóknarsvæði á Austurlandi.....	9
Mynd 5. Yfirlitsmynd af vegakerfi Austurlands.....	10
Mynd 6. Búseta svarenda sundurgreind innan svæðis.....	12
Mynd 7. Gætir þú hugsað þér að búa á þessum stöðum?.....	12
Mynd 8. Viðhorf til samgönguúrbóta á samgönguáætlun.....	16

## Töfluskrá

Tafla 1. Íbúápróun á Austurlandi 2011 til 2021.....	7
Tafla 2. Bakgrunnur svarenda.....	11
Tafla 3. Myndir þú vilja búa á eftirfarandi stöðum í Múlaþingi?.....	13
Tafla 4. Myndir þú vilja búa á eftirfarandi stöðum í Fjarðabyggð?.....	14
Tafla 5. Myndir þú vilja búa á eftirfarandi stöðum?.....	14
Tafla 6. Ánægja með búsetu á þeim sem stað sem búið er á.....	15
Tafla 7. Ánægja með þann stað sem búið er á greint eftir kyni svarenda.....	15
Tafla 8. Mikilvægi samgönguúrbóta greint eftir búsetu svarenda.....	17
Tafla 9. Áhrifaþættir brottflutnings eftir kyni og búsetu.....	18
Tafla 10. Áhrif samgönguúrbóta á samfélag.....	18
Tafla 11. Áhrif samgangna á ferðatíðni.....	19
Tafla 12. Tíðni ferða til staða innan og utan Austurlands.....	19
Tafla 13. Þjónustusókn innan og utan Austurlands.....	20

## Inngangur

Þessi skýrsla lýsir niðurstöðum rannsóknar sem framkvæmd var á Austurlandi haustið 2020 þegar lagður var fyrir rafrænn spurningalisti sem öllum íbúum stóð opin sem aðgang höfðu að neti og tölvubúnaði til að taka könnunina. Niðurstöður voru unnar vorið 2021 og eru þær birtar hér í heild sinni.

Tilgangur þessarar rannsóknar er m.a. að afla gagna og upplýsinga svo hægt sé að greina áhrif samgönguúrbóta um leið og könnuð er þjónustusókn og ferðir innan svæðis á Austurlandi.

Traustar samgöngur og vegakerfi eru forsendur þess að atvinnu- og mannlíf geti vaxið og þrífist í dreifðari byggðum landsins. Samgöngur hafa löngum verið erfiðar á svæðinu og langar vegalengdir og oft illfærar leiðir hafa komið í veg fyrir að íbúar á Austurlandi geti með góðu móti sótt þjónustu, atvinnu eða viðskipti milli þéttbýliskjarna. Töluverðar samgöngubætur hafa orðið á Austurlandi á undanförunum árum og hafa jarðgöng milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar annars vegar og Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar hins vegar auðveldað samgöngur að miklu leyti. Fáskrúðsfjarðargöng opnuðu í september 2005 en með þeim var einum erfiðasta og hættulegasta kafla Suðurfjarðavegar rutt úr vegi. Styttist leiðin milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar um 31 km með tilkomu ganganna. Þar með var íbúum Suðurfjarða gert kleift að sækja vinnu og þjónustu til stærri þéttbýliskjarna á Austurlandi og tengjast stofnleiðum. Íbúar Norðfjarðar bjuggu við mikla einangrun á fyrri tímum þegar helstu samgöngur voru um sjó. Árið 1977 opnuðu göng um Oddskarð sem rufu þessa einangrun að einhverju leyti. Göngin voru þó orðin barn síns tíma og mætingarútskot til að mynda of lítil fyrir stærri gerð flutningabíla. Í nóvember 2017 voru Norðfjarðargöng tekin í notkun og leystu þar með af hólmi Oddsskarðsgöngin og þann erfiða fjallveg sem lá að þeim og var oft illfær yfir vetrarmánuðina. Þá hefur mikil þörf verið talin á vegaúrbótum á fjallveginum um Öxi. Greiðar samgöngur um Axarveg eru mikilvægar og til hagsbóta fyrir allt Austurland, auk þess að stytta akstursleiðina frá Reykjavík til Mið-Austurlands um 71 kílómetra með tilheyrandi sparnaði á tíma og kostnaði, auk þess sem öryggi vegfarenda myndi aukast. Fyrirhuguð jarðgöng á milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar munu koma í stað fjallvegur um Fjarðarheiði, sem liggur í 620 metra hæð yfir sjávarmáli þar sem erfið færð getur varað stóran hluta ársins. Unnið var að lokakafla vegaúrbóta á Borgarfjarðarvegi sumarið 2022. Vegurinn, sem liggur um Njarðvíkurskriður og yfir fjallveg um Vatnsskarð, var mjór malarvegur og miðuðu endurbætur að því að styrkja veginn og leggja á hann bundið slitlag auk þess að lagfæra beygjur.

Rannsókn þessari er ætlað að vera innlegg í umræðu um samgönguúrbætur sem eru eitt mikilvægasta hagsmunamál landsbyggðanna og varpa ljósi á mikilvægar spurningar sem vakna þegar rætt er um samgöngubætur í dreifðum byggðum. Íbúar hafa ákveðnar væntingar í tengslum við vegaúrbætur og má gera ráð fyrir að samgöngur hafi að einhverju leyti áhrif á búsetuval fólks á landsbyggðinni. Miklar væntingar eru þannig oft bundnar við áhrif samgöngubóta til staða sem búa við erfiðleika sem valda hindrunum og takmörkunum en um leið geta áhrif samgöngubóta verið á vissan hátt neikvæð þar sem sums staðar hefur jafnvel dregið úr þjónustu.

Á Austurlandi hefur verið unnið að sameiningu sveitarfélaga og eru þau nú fjögur en voru þrefalt fleiri fyrir um 15 árum. Sameining skapar þörf fyrir að efla og styrkja innviði til að ná fram sem mestum áhrifum sameininga. Þar eru samgöngur lykilatriði og mikilvægt að vinnu- og þjónustusókn milli þéttbýliskjarna innan sameinaðra sveitarfélaga sé eðlilegur og sjálfsagður hluti af daglegu lífi íbúanna. Niðurstöður þessara rannsókna geta nýst til að efla stefnumótun, áætlanagerð og jafnvel styðja við undirbúning samgönguúrbóta sem geta haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á ýmsa þætti byggðaðróunar fyrir þau samfélög sem þau beinast að.

## Fyrri rannsóknir

Áhrif samgönguúrbóta hafa ekki verið rannsökuð mikið á Austurlandi. Ekki er til úttekt á áhrifum Fáskrúðsfjarðarganga en leggja má mat á áhrif ganganna út frá þeim lýðfræðilegu gögnum sem til eru. Árið 2016 gerðir Sigrún Þorsteinsdóttir lokaverkefni við Háskólann á Akureyri sem bar nafnið: Norðfjarðargöng – Rannsókn á væntingum íbúa í Neskaupstað til samfélagslegra áhrifa Norðfjarðarganga<sup>1</sup>. Þar kom fram að:

Helstu niðurstöður sýna að íbúar Neskaupstaðar telja að tilkoma Norðfjarðarganga mun almennt haf jákvæð áhrif á samfélagið í bænum. Þau munu auka atvinnuöryggi, tekjumöguleika og skapa ný tækifæri til menntunar og atvinnu, einnig auka fjölbreytni í félagsmálum og afþreyingu. Ekki voru íbúar eins jákvæðir gagnvart hugsanlegum áhrifum ganganna á þjónusturíkis og sveitarfélaga, vöruúrval og vöruverð. Konur voru almennt heldur jákvæðari en karlar og elsta fólkið er jákvæðara en það yngsta gagnvart áhrifum ganganna á ýmsa þætti samfélagsins. Þeir sem hafa meiri menntun eru með minnivæntingartil áhrifa Norðfjarðarganga á samfélagið í Neskaupstað. Konur upplifa meiri óþægindi eða kvíða en karlar við að ferðast leiðina á milli Neskaupstaðar og Egilsstaða og yngsti aldurshópurinn finnur fyrir meiri óþægindum en þeir sem eldri eru. Það eru fyrst og fremst vegirnir um Oddskarð og Fagradal að vetrarlagi sem vekja kvíða og óþægindi hjá fólki.

Væntingar íbúa voru jákvæðar en 75% svarenda sögðust vera mjög jákvæð gagnvart göngunum og 21% frekar jákvæð. Aðeins 2% voru mjög neikvæð og 2% sögðu hvorki né. Þessu verkefni hefur ekki verið fylgt eftir með mælingu eftir tilkomu ganganna og því ekki til staðar samanburður á því hvort væntingar íbúa hafi gengið eftir en í þessari rannsókn er spurt um mat á áhrifum Norðfjarðarganga á samfélagið í Neskaupstað og á Austurlandi og verða þær settar í samhengi við niðurstöður fyrri rannsókna.

<sup>1</sup> Sigrún Þorsteinsdóttir. (2016). Norðfjarðargöng. Væntingar íbúa í Neskaupstað til samfélagslegra áhrifa Norðfjarðarganga. Óbirt BA-ritgerð við Háskólann á Akureyri. Aðgengileg á [https://skemman.is/bitstream/1946/25025/1/PDF - LOKAVERKEFNI - Sigrún Þorsteinsdóttir.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/25025/1/PDF%20-%20LOKAVERKEFNI%20-%20Sigrun%20Thorsteinsdottir.pdf)

Í Sjálfbærni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar eru ýmsir vísar vaktar til sam- burðarmælinga og meðal annars eru þar upplýsingar um slysatíðni á helstu samgöngu- leiðum á Austurlandi<sup>2</sup>. Í þeim kemur fram að slysum á vegum Austurlands hefur að jafnaði fækkað jafnt og þétt og þar sem göng koma í staðinn fyrir fjallveg eða veg um skriður lækkar tíðnin mjög mikið. Leiðin milli Reyðarfjarðar og Egilsstaða um Fagradal sker sig þó aðeins frá öðrum leiðum þar sem slysatíðni hefur haldist nokkuð stöðug að jafnaði en gríðarlega mikil umferð er um þann veg.


## Austurland

Austurland er svæðið frá Vopnafirði til Djúpvogs og eru þéttbýliskjarnar 12 ef Mjóifjörður er talinn með, með innan við 20 íbúa. Sveitarfélögin eru fjögur, tvö fjölkjarna; Fjarða- byggð og Múlaþing, og tvö smá; Vopnafjarðarhreppur og Fljótaldalshreppur.

### Lýðfræði

Þann 1. janúar 2021 voru íbúar á Austurlandi 10.818 og hafði fjölgað um 88 frá árinu 2020. Karlar voru 53% íbúa eða 5.706 og konur 5.144. Íbúum hefur fjölgað hægt en örugglega á nær hverju ári síðustu 20 árin en árið 2001 voru íbúar Austurlands 9.562. Á Austurlandi eru nú fjögur sveitarfélög og skiptast íbúar þannig að í Fjarðabyggð búa 5.079, í Múlaþingi 5.020, í Vopnafjarðarhreppi búa 653 og í Fljótaldalshreppi 98 íbúar.

### Austurland íbúaþróun 2011-2021




Mynd 1. Íbúaþróun á Austurlandi sl. 10 ár. Hagstofa Íslands.

<sup>2</sup> Sjálfbærni.is (e.d). Umferðarslys. Aðgengilegt á <https://www.sjalbbaemi.is/is/samfelag/tidni-umferdarslysa#framvinda>

Þróun íbúafjölda eftir þéttbýlisstöðum og nærsveitum sýnir að íbúum fjölgar mest á Egilsstöðum sem er fjölmennasti þéttbýlisstaðurinn. Íbúum fjölgaði um 637 á Austurlandi og þar af um 281 á Egilsstöðum og 259 á Reyðarfirði.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	M
<b>Austurland</b>	10.181	10.208	10.263	10.352	10.340	10.275	10.305	10.480	10.663	10.730	10.818	
<b>Egilsstaðir</b>	3.475	3.481	3.509	3.526	3.523	3.511	3.569	3.618	3.667	3.696	3.756	
<b>Neskaupsstaður</b>	1.495	1.545	1.528	1.537	1.526	1.498	1.507	1.523	1.532	1.531	1.521	
<b>Reyðarfjörður</b>	1.102	1.100	1.160	1.144	1.188	1.194	1.195	1.276	1.357	1.374	1.361	
<b>Eskifjörður</b>	1.043	1.025	1.025	1.057	1.093	1.067	1.034	1.024	1.050	1.046	1.064	
<b>Fáskrúðsfjörður</b>	710	708	700	708	716	711	745	756	749	742	738	
<b>Vopnafjörður</b>	668	670	687	695	674	650	645	655	660	659	653	
<b>Seyðisfjörður</b>	668	677	676	665	653	658	650	676	685	680	683	
<b>Djúpivogur</b>	447	461	452	470	422	456	452	461	472	501	520	
<b>Stöðvarfjörður</b>	203	194	192	205	201	199	186	184	182	175	189	
<b>Breiðdalsvík</b>	199	190	180	187	186	183	182	185	184	185	188	
<b>Borgarfjörður</b>	141	129	130	134	135	124	116	108	109	122	127	
<b>Mjóifjörður</b>	30	28	24	24	23	24	24	14	16	19	18	

Tafla 1. Íbúaþróun á Austurlandi 2011 til 2021




Mynd 2. Hlutfallsleg breyting á íbúafjölda frá 2011 til 2021 eftir stöðum.



Ef þróunin er skoðuð hlutfallslega og miðað við árin 2011 til 2021 má sjá mikla fjölgun íbúa á Reyðarfirði og á Djúpvogum. Gríðarleg hlutfalleg fækkun varð í Mjóafirði og tölverð fækkun á Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Borgarfirði. Heildaríbúafjölgun Austurlands þessi ár var þó 6%.


Ef hlutfallsleg breyting er skoðuð frá 2016 er staðan að flestu leyti svipuð en þó má sjá að hægir á fjölgun á Reyðarfirði og hlutfallsleg hækkun verður í stað lækkunar á Breiðdalsvík og Borgarfirði eystra.



Mynd 3. Hlutfallsleg breyting á íbúafjölda frá 2016 til 2021 eftir stöðum.

Byggðastofnun tekur reglulega saman stöðugreiningu landshluta og var síðast birt stöðugreining 2019 sem var uppfærsla á stöðugreiningu frá 2014<sup>3</sup>. Stöðugreining gefur mynd af stöðu mála í landshlutanum á þeim tíma sem hún er gerð. Þrátt fyrir fólksfjölgun hefur íbúum Austurlands sem hlutfall af heildaríbúafjölda landsins fækkað úr tæplega 3,7% niður í 3%. Í stöðugreiningunni er farið yfir lýðfræðilega þætti svo sem íbúafróun, menntunarstig, samsetningu mannfjöldans, flutningsjöfnuð og efnahagslega þætti svo sem atvinnuleysi.

Atvinnusóknarsvæði er einn þeirra þátta sem stöðugreiningin nær til og á Austurlandi afmarkast það af landslagi. Á mynd 4 má sjá hvernig atvinnusóknarsvæði liggja á Austurlandi en hringirnir tákna þéttbýlisstaði og lituðu svæðin út frá hverjum þéttbýlisstað sýna hvert atvinnusóknarsvæðin teygja sig. Reyðarfjörður er atvinnusóknarsvæði sem nær til flestra þéttbýlisstaða og skarast við atvinnusóknarsvæði Egilsstaða og saman mynda þessir tveir staðir þungamiðju atvinnusóknarsvæða Austurlands. Vopnafjörður, Djúpvogur og Borgarfjörður hafa skýrt afmörkuð vinnusóknarsvæði sem takmarkast við nærsvæðið og Stöðvarfjörður að stærstu leyti líka þó það svæði skarist við Reyðarfjarðarsvæðið.



Mynd 4. Vinnusóknarsvæði á Austurlandi.

## Vegakerfi

Á Austurlandi eru tvö jarðgöng; annars vegar Fáskrúðsfjarðargöng sem eru 5,9 km, opnuð 2005. Um þau fara skv. upplýsingum frá Vegagerðinni að meðaltali 776 bílar á dag. Hin göngin eru Norðfjarðargöng, 7,9 km löng, opnuð 2017. Um þau fara að meðaltali 699 bílar á dag<sup>4</sup>. Þau göng leystu af hólmi Oddsskarðsgöng sem voru einbreið 640 metra löng göng, opnuð 1977<sup>5</sup>. Fyrirhuguð er jarðgangagerð undir Fjarðarheiði<sup>6</sup> sem er eina akstursleiðin yfir til Seyðisfjarðar. Heiðin liggur í 620 metra hæð yfir sjó og er margoft farartálmi á veturnum. Aðrir fjallvegir milli staða á Austurlandi eru frá Vopnafirði til Héraðs þar sem sumarvegur liggur um Helligheiði eystri í 655 metra hæð yfir sjó og 150 km leið yfir Vopnafjarðarheiði og Jökuldalsheiði. Til Borgarfjarðar eystra er fjallvegur í 420 metra hæð yfir sjó um Vatnsskarð. Vegurinn til Borgarfjarðar er nú lagður bundnu slitlagi en framkvæmdir kláruðust sumarið 2022. Frá Héraði til Reyðarfjarðar er þjóðvegur 1 um Fagradal<sup>7</sup> sem liggur í 350 metra hæð yfir sjó. Þaðan er ekki lengur um fjallvegi að fara, hvorki yfir í Neskaupstað né suður úr en vegurinn um suðurfirði frá Fáskrúðsfirði til Breiðdalsvíkur er á köflum viðsjárverður með blindhæðum og kröppum beygjum. Frá Héraði er vegur um Öxi í 532 metra hæð yfir sjó sem liggur til Djúpavogs og hafa framkvæmdir um hann lengi verið fyrirhugaðar<sup>8</sup>. Á mynd 5 má sjá yfirlitsmynd af helstu vegum í vegakerfi Austurlands.

<sup>3</sup> Byggingastofnun. (2020). Stöðugreining 2019. Aðgengilegt á [https://www.byggingastofnun.is/static/files/Skyrslur/stgr19\\_20/austurland-stodugreining-2019-2020-loka.pdf](https://www.byggingastofnun.is/static/files/Skyrslur/stgr19_20/austurland-stodugreining-2019-2020-loka.pdf)


<sup>4</sup> Vegagerðin.is ((e.d.). Jarðgöng á vegakerfinu. Aðgengilegt á <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/jardgong/jardgvegakerf/>

<sup>5</sup> Vegagerðin.is ((e.d.). Veggöng á Íslandi. Aðgengilegt á: <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/jardgong/>

<sup>6</sup> Vegagerðin.is ((e.d.). Veggöng á Íslandi. Aðgengilegt á: <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/jardgong/>

<sup>7</sup> Austurfrett.is (2018). Tveir hættulegustu vegkaflar landsins á Austurlandi. Aðgengilegt á <https://www.austurfrett.is/frettir/tveir-haettulegustu-vegkaflar-landsins-a-austurlandi>

<sup>8</sup> Ruv.is (2021). Heilsársvegur um Öxi líklega boðinn út í kringum áramót. Aðgengilegt á <https://www.ruv.is/frett/2021/03/29/heilsarsvegur-um-oxi-liklega-bodinn-ut-i-kringum-aramot>



Mynd 5. Yfirlitsmynd af vegakerfi Austurlands.


## Niðurstöður

Gild svör voru 544. Konur voru 56% svarenda og karlar 44%. Aldursdreifing var þannig að 4% voru í aldurshópnum 18-24 ára og 16% í aldurshópnum 25-34 ára, þessir hópar voru sameinaðir í úrvinnslu í aldurshópinn 34 ára og yngri sem taldi þá 20% svarenda. Í hópi 35-49 ára voru 35% svarenda og 35% voru á aldrinum 50-66 ára. Um 10% voru eldri en 67 ára og voru sameinaðir í úrvinnslu í einn hóp 50 ára og eldri sem taldi þá 45% svarenda í rannsókninni. Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir helstu bakgrunnsbreytur varðandi svarendur. Búseta var fyrir úrvinnslu flokkuð niður í Fjarðabyggð, þar sem allir þéttbýlisstaðir sveitarfélagsins eru saman, og í Múlaþing, Fljótsdal og Vopnafjörð saman. Skipting svarenda eftir þessum tveimur svæðum er 59% úr Múlaþingi og 41% úr Fjarðabyggð. Um 99% svarenda eru íslenskir og 1% erlendir. Menntunarstig svarenda sýnir marktækan kynjamun og hátt menntunarstig kvenna. Atvinnustaða flestra svarenda er staða launþega í fullu starfi en fimmtungur kvenna er í hlutastarfi og nokkuð hátt hlutfall karla er í stöðu sjálfstæðs atvinnurekanda.

		Karl 44%	Kona 56%
Búseta	Múlaþing (Fljótsdalur og Vopnafjörður)	43%	56%
	Fjarðabyggð	46%	54%
Aldur	34 ára og yngri	18%	22%
	35 til 49 ára	36%	34%
	50 ára og eldri	46%	44%
Menntun	Ekki lokið formlegu námi	3%	1%
	Grunnskóli	10%	10%
	Stutt starfsnám á framhaldsskólastigi	14%	12%
	Stúdent eða iðnnám	39%	22%
	Grunnháskólastig	17%	28%
	Framhaldsháskólastig	18%	27%
Ríkisfang	Íslenskt	99%	99%
	Erlent	1%	1%
Atvinnustaða	Launþegi í fullu starfi	64%	51%
	Launþegi í hlutastarfi	3%	20%
	Sjálfstæður atvinnurekandi	16%	9%
	Lífeyrisþegi	12%	14%
	Nemi	5%	3%
	Atvinnulaus	1%	3%

Tafla 2. Bakgrunnur svarenda.

## Búseta svarenda




Mynd 6. Búseta svarenda sundurgreind innan svæðis.

Búseta svarenda dreifðist nokkuð vel yfir svæðið og má sjá skiptinguna á mynd 6.

## Búseta

Spurt var hvort svarendur gætu hugsað sér að búa annars staðar og voru taldir upp allir þéttbýlisstaðir á Austurlandi, Akureyri, Reykjavík og erlendis. Svarendur voru beðnir að meta alla staði og merkja við þá sem þeir gátu hugsað sér að búa á eða ekki.

## Gætir þú hugsað þér að búa (á/i)



Mynd 7. Gætir þú hugsað þér að búa á þessum stöðum? Greint út frá núverandi búsetu.

Ef skoðaðir eru hvaða staðir það eru sem koma helst til greina aðrir en núverandi búsetu- staður, er niðurstaðan eins og sjá má á mynd 7. Þar segist um helmingur geta hugsað sér að búa á Akureyri og um 40% segjast geta hugsað sér að búa á Fljótsdalshéraði sem er helmingi hærra hlutfall en á næsta stað innan Austurlands en 20% segjast geta hugsað sér að búa í Neskaupstað og 18% segjast geta hugsað sér að búa á Borgarfirði eða á Reyðarfirði og 17% á Djúpavogi. Fæstir merkja við Breiðdalsvík, Mjóafjörð og Stöðvarfjörð sem vænlega búsetukosti.

Þegar litið er til þess hvar þátttakendur væru til í að búa í Múlaþingi út frá núverandi búsetu, eins og sjá má á töflu 3, kemur í ljós að viðhorfin eftir sveitarfélagi til búsetu á öðrum stöðum er mjög ólík milli íbúa Múlaþings og Fjarðabyggðar. Flestir íbúar innan Fjarðabyggðar myndu velja sér að búa á Fljótdalshéraði innan Múlaþings. Aftur á móti eru Seyðfirðingar líklegri til að vilja búa á Borgarfirði eystra en í sínum heimabæ. Meirihluti Borgfirðinga eru tryggir sínum heimabæ og vilja eiga heima þar og sama á við um þau sem búa á Egilsstöðum/Fellabæ. Íbúar Fljótsdals og dreifbýlisins á Fljótdalshéraði vilja búa á Fljótsdalshéraði.

		Myndir þú vilja búa á eftirfarandi stöðum í Múlaþingi?					
Núverandi búseta:		Borgarfirði	Djúpavogi	Fljótsdal	Fljótsdalshéraði	Seyðisfirði	Vopnafirði
Múlaþing	<b>Borgarfirði eystri</b>	<b>84%</b>	32%	21%	47%	26%	
	<b>Djúpavogi</b>	21%	<b>48%</b>	13%	37%	8%	10%
	<b>Egilsstöðum/Fellabæ</b>	19%	14%	21%	<b>55%</b>	22%	7%
	<b>Fljótsdal</b>	17%		50%	<b>83%</b>	17%	17%
	<b>Fljótsdalshéraði dreifbýli</b>	24%	11%	24%	<b>76%</b>	14%	11%
	<b>Seyðisfirði</b>	<b>50%</b>	<b>50%</b>	17%	33%	33%	
	<b>Vopnafirði</b>	10%	17%	7%	24%	21%	<b>59%</b>
Fjarðabyggð	<b>Breiðdalsvík</b>	22%	11%	11%	<b>44%</b>		
	<b>Eskifirði</b>		5%		<b>19%</b>	5%	2%
	<b>Fáskrúðsfirði</b>	9%	13%	4%	<b>32%</b>	4%	6%
	<b>Neskaupstað</b>	21%	14%	11%	<b>27%</b>	15%	12%
	<b>Reyðarfirði</b>	7%	9%	9%	<b>33%</b>	5%	5%
	<b>Stöðvarfirði</b>	18%	18%	9%	<b>36%</b>	18%	9%

Feitretuð =  
Hæsta  
meðaltalsskor

Tafla 3. Myndir þú vilja búa á eftirfarandi stöðum í Múlaþingi? greint út frá núverandi búsetu.

Ef skoðað er eftir núverandi búsetu hvar þátttakendur væru til í að búa í Fjarðabyggð, eins og sjá má á töflu 4, kemur í ljós að 16% Borgfirðinga og 15% Djúpavogsbúa gætu hugsað sér að búa á Fáskrúðsfirði. Um 17% Seyðfirðinga, 14% Vopnfirðinga, 14% Egilsstaðabúa/Fellbæinga og 11% þeirra sem búa í dreifbýli Fljótdalshéraðs myndu kjósa að búa í Neskaupstað.

		Myndir þú vilja búa á eftirfarandi stöðum í Fjarðabyggð?					
Núverandi búseta:		Stöðvarfirði	Eskifirði	Fáskrúðs firði	Neskaup stað	Reyðarfirði	Breiðdalsvík
Múlaþing	Borgarfirði eystri	5%		16%			
	Djúpavogi	8%	10%	15%	13%	15%	6%
	Egilsstöðum/Fellabæ	3%	9%	8%	14%	11%	6%
	Fljótsdal						
	Fljótsdalshéraði dreifbýli	5%	5%	8%	11%	8%	
	Seyðisfirði		17%		17%		
	Vopnafirði		7%	3%	14%	7%	3%
Fjarðabyggð	Breiðdalsvík			11%	22%	22%	22%
	Eskifirði	5%	47%	2%	35%	12%	2%
	Fáskrúðsfirði	6%	4%	47%	11%	26%	4%
	Neskaupstað	9%	14%	14%	62%	30%	8%
	Reyðarfirði	7%	7%	9%	19%	56%	7%
	Stöðvarfirði	55%	18%	36%	9%	27%	9%

Feitretroð =  
Hæsta  
meðaltalsskor

Tafla 4. Myndir þú vilja búa á eftirfarandi stöðum í Fjarðabyggð? greint út frá núverandi búsetu.

Þegar litið er til þess hvar þátttakendur væru til í að búa utan Austurlands, eins og sjá má á töflu 5, kemur í ljós að flestir innan Múlaþings gætu hugsað sér að búa á Akureyri, að undanskildum Djúpavogsbúum og Seyðfirðingum. Innan Fjarðabyggðar er mikil meirihluti sem gæti hugsað sér að búa á Akureyri, að Reyðfirðingum undanskildum en þeir eru líklegri til að vilja búa í Reykjavík fremur en annars staðar.

		Myndir þú vilja búa á eftirfarandi stöðum?			
Núverandi búseta:		Akureyri	Reykjavík	Annars staðar á Íslandi	Erlendis
Múlaþingi	Borgarfirði eystri	32%	16%	16%	32%
	Djúpavogi	29%	27%	25%	35%
	Egilsstöðum/Fellabæ	53%	33%	28%	38%
	Fljótsdal	33%		33%	17%
	Fljótsdalshéraði dreifbýli	43%	11%	22%	22%
	Seyðisfirði	33%	33%	33%	50%
	Vopnafirði	41%	21%	14%	21%
Fjarðabyggð	Breiðdalsvík	67%	33%	33%	33%
	Eskifirði	53%	37%	26%	40%
	Fáskrúðsfirði	64%	32%	23%	19%
	Neskaupstað	53%	38%	33%	39%
	Reyðarfirði	47%	49%	33%	28%
	Stöðvarfirði	64%	45%	18%	9%

Feitretroð = Hæsta meðaltalsskor

Tafla 5. Myndir þú vilja búa á eftirfarandi stöðum? greint út frá núverandi búsetu.

Spurt var um viðhorf til þess staðar sem viðkomandi svarandi býr á og var hann beðinn um að meta staðinn á skalanum 1 til 100, þar sem 0 var neikvæðasta mögulega viðhorf og 100 jákvæðasta mögulega viðhorf. Meðalstigafjöldi var 78 stig og var um helmingur staðanna undir þeirri tölu og helmingur yfir. Íbúar á Stöðvarfirði og Borgarfirði eystra gáfu hæstu stigin. Þessi munur er marktækur.

Ég bý á/í	Meðalstig	Miðgildi	Staðalfrávik	Minnst stig	Mest stig
Stöðvarfirði	92	100	16	50	100
Borgarfirði eystri	89	90	12	57	100
Fljótsdalshéraði dreifbýli	85	88	15	36	100
Djúpavogi	83	92	22	12	100
Neskaupstað	82	83	15	41	100
Fáskrúðsfirði	81	84	18	21	100
Egilsstöðum /Fellabæ	78	80	20	3	100
Breiðdalsvík	76	77	14	51	100
Vopnafirði	76	83	24	5	100
Fljótsdal	73	86	33	10	100
Reyðarfirði	73	78	26	0	100
Eskifirði	68	75	29	0	100
Seyðisfirði	63	70	31	1	95
<b>Meðaltal allra</b>	<b>78</b>	<b>83</b>	<b>21</b>	<b>22</b>	<b>100</b>

Tafla 6. Ánægja með búsetu á þeim sem stað sem búð er á.

Ef niðurstöður eru skoðaðar út frá kyni og búsetu kemur fram ákveðinn munur. Hann er marktækur varðandi búsetu en ekki milli kynjanna.


Ég bý á/í	Karlar	Konur
Eskifirði	56	74
Fljótsdal	64	91
Reyðarfirði	69	76
Breiðdalsvík	70	73
Seyðisfirði	70	77
Vopnafirði	78	76
Egilsstöðum /Fellabæ	82	76
Neskaupstað	82	80
Djúpavogi	85	84
Fljótsdalshéraði dreifbýli	87	87
Fáskrúðsfirði	87	79
Borgarfirði eystri	89	88
Stöðvarfirði	97	80
<b>Meðaltal allra</b>	<b>78</b>	<b>80</b>

Tafla 7. Ánægja með þann stað sem búð er á greint eftir kyni svaranda.



## Samgönguúrbætur

Í könnuninni var spurt um viðhorf svarenda til ýmissa samgönguúrbóta sem eru á samgönguáætlun.



Mynd 8. Viðhorf til samgönguúrbóta á samgönguáætlun.

Heildarniðurstaða viðhorfa til samgönguúrbóta á samgönguáætlun er sett fram á mynd 8. Jákvæðasta viðhorfið er til nýrrar brúar yfir Lagarfljót og til Borgarfjarðarvegur.

Svarendur voru beðnir að raða mikilvægi Borgarfjarðarvegur, Fjarðarheiðarganga, heilsársvegur yfir Öxi og Suðurfjarðarvegi.

Samanlögð niðurstaða bendir til þess að svarendur telji Fjarðarheiðargöng mikilvægustu samgönguúrbæturnar sem liggja fyrir á Austurlandi. Munur er eftir búsetu svarenda eins og eðlilegt má telja þar sem samgönguúrbætur sem tengjast búsetu eru væntanlega mikilvægari. Borgfirðingar eru til að mynda með Borgarfjarðarveg mikilvægastan, Djúpvogsbúar með Öxi og Breiðdælingar með Suðurfjarðarveg.

Búseta svarenda	Borgarfjarðarvegur	Fjarðarheiðargöng	Öxi	Suðurfjarðavegur
Heild	2.4	2.0	2.6	2.8
Borgarfirði eystri	1.2	2.5	3.0	3.3
Breiðdalsvík	2.0	2.5	4.0	1.5
Djúpavogi	2.6	2.2	1.6	3.3
Egilsstöðum /Fellabæ	2.6	1.7	2.1	3.5
Eskifirði	1.9	2.7	3.2	2.0
Fáskrúðsfirði	2.1	2.5	3.6	1.8
Fljótsdal	3.3	1.8	1.5	3.3
Fljótsdalshéraði dreifbýli	2.5	1.8	2.1	3.6
Neskaupstað	2.0	2.4	3.4	1.9
Reyðarfirði	2.4	1.9	3.5	2.0
Seyðisfirði	2.8	1.0	2.3	3.8
Stöðvarfirði	2.1	2.7	3.8	1.5
Vopnafirði	2.6	1.5	2.4	3.5

Tafla 8. Mikilvægi samgönguúrbóta á skalanum 1 (mest) til 4 (minnst) greint eftir búsetu svarenda.

Samgönguúrbætur eru almennt taldar hafa jákvæð áhrif á þau samfélög sem þær gagnast helst og svarendur mátu þær samgönguúrbætur sem beindust að þeirra heimabæjum mjög jákvæðar fyrir samfélagið. Munur var á þessu mati eftir búsetu svarenda og íbúar í Fjarðabyggð eru marktækt líklegri til að meta áhrif Fjarðarheiðarganga og heilsársvegar yfir Öxi neikvæð fyrir þá staði sem samgönguúrbæturnar beindust að s.s. Egilsstaði og Djúpavog.

## Brotflutningar

Spurt var um áhrifaþætti brottflutnings og voru átta þættir kannaðir; brottflutningar foreldra, vina eða barna, menntunartækifæri, atvinnutækifæri, félagslíf, opinber þjónusta, fjölbreytt verslun, slúður og erfiðar samgöngur. Almennt eru atvinnutækifæri eða skortur á þeim talin vera helsta orsök brottflutnings og menntunartækifæri þar á eftir. Marktækur munur er milli staða á áhrifum þessara þátta, sérstaklega hvað varðar áhrif brottflutnings fjölskyldu og vina, verslunarmöguleika og slúðurs. Til þæginda er letrað rautt þar sem hæsta skorið er að finna og feitletrað fyrir næsthæsta skorið.

	Flutningar fjölskyldu	Menntun	Atvinna	Félagslíf	Opinber þjónusta	Verslunar- móguleikar	Slúður	Samgöngur
Heild	1,70	<b>2,30</b>	<b>2,50</b>	1,40	1,80	1,40	0,70	<b>2,00</b>
Karlar	1,60	<b>2,20</b>	<b>2,40</b>	1,30	1,70	1,50	0,70	1,90
Konur	1,70	<b>2,40</b>	<b>2,50</b>	1,40	1,80	1,30	0,70	<b>2,10</b>
Borgarfirði eystri	1,80	<b>2,50</b>	<b>2,90</b>	1,30	<b>2,30</b>	1,70	1,00	<b>2,70</b>
Breiðdalsvík	<b>2,30</b>	<b>2,50</b>	<b>2,50</b>	1,50	1,40	1,90	1,00	<b>2,00</b>
Djúpavogi	1,90	<b>2,60</b>	<b>2,70</b>	1,40	1,90	1,40	0,80	<b>2,20</b>
Egilsstöðum /Fellabæ	1,80	<b>2,40</b>	<b>2,50</b>	1,30	1,70	1,20	0,90	1,90
Eskifirði	1,60	<b>2,30</b>	<b>2,40</b>	1,70	<b>2,20</b>	1,90	1.2*	<b>2,00</b>
Fáskrúðsfirði	1,40	<b>2,20</b>	<b>2,50</b>	1,30	<b>2,00</b>	1,50	0,70	1,80
Fljótsdal	0.8*	<b>2,30</b>	<b>3,00</b>	1,70	1,50	1,20	1,00	<b>2,70</b>
Fljótsdalshéraði dreifbýli	1,60	<b>2,30</b>	<b>2,60</b>	1,40	1,70	1,00	0,90	<b>2,30</b>
Neskaupstað	<b>2,0*</b>	<b>2,20</b>	<b>2,50</b>	1,40	1,50	1,50	0,80	<b>2,10</b>
Reyðarfirði	1,90	<b>2,60</b>	<b>2,10</b>	1,90	1,80	1,70	1,00	1,90
Seyðisfirði	1,80	<b>2,30</b>	<b>2,70</b>	<b>2,20</b>	<b>2,00</b>	1,70	1,00	<b>3,0*</b>
Stöðvarfirði	<b>2,20</b>	<b>2,00</b>	<b>2,60</b>	1,60	<b>2,30</b>	1,80	0.4*	1,70
Vopnafirði	1,40	<b>2,30</b>	<b>2,60</b>	1,20	1,70	1,10	1,00	<b>2,00</b>

Tafla 9. Áhrifaþættir brottflutnings eftir kyni og búsetu.

## Áhrif samgönguúrbóta á samfélag

Samgönguúrbætur geta haft margvísleg áhrif á samfélögin sem þau beinast að. Spurt var um mat á áhrifum samgönguúrbóta á sex þætti; íbúafjölda, menntunartækifæri, atvinnulíf, félagslíf, verslun og fasteignaverð.

	Fjarðarheiðargöng á Seyðisfjörð			Axarvegur á Djúpavog			Borgarfjarðarvegur á Borgarfjörð		
	Neikvæð	Jákvæð	Engin/Veit ekki	Neikvæð	Jákvæð	Engin/Veit ekki	Neikvæð	Jákvæð	Engin/Veit ekki
Íbúafjölda	4%	<b>79%</b>	17%	5%	<b>58%</b>	37%	2%	<b>69%</b>	29%
Tækifæri til menntunar	3%	<b>82%</b>	15%	4%	<b>70%</b>	27%	1%	<b>77%</b>	22%
Atvinnu	3%	<b>88%</b>	9%	4%	<b>64%</b>	32%	1%	<b>77%</b>	22%
Félagslíf og afþreyingu	4%	<b>79%</b>	16%	4%	<b>65%</b>	30%	2%	<b>74%</b>	24%
Verslun	15%	<b>76%</b>	10%	12%	<b>68%</b>	20%	8%	<b>72%</b>	20%
Fasteignaverð	4%	<b>77%</b>	19%	5%	<b>55%</b>	40%	2%	<b>60%</b>	38%
	Suðurfjarðarvegur á Stöðvarfjörð			Suðurfjarðarvegur á Breiðdalsvík			Norðfjarðargöng á Neskaupstað		
	Neikvæð	Jákvæð	Engin/Veit ekki	Neikvæð	Jákvæð	Engin/Veit ekki	Neikvæð	Jákvæð	Engin/Veit ekki
Íbúafjölda	1%	<b>55%</b>	44%	2%	<b>51%</b>	47%	2%	<b>74%</b>	25%
Tækifæri til menntunar	1%	<b>60%</b>	39%	1%	<b>59%</b>	39%	1%	<b>70%</b>	29%
Atvinnu	1%	<b>68%</b>	31%	1%	<b>63%</b>	36%	1%	<b>87%</b>	12%
Félagslíf og afþreyingu	1%	<b>62%</b>	37%	2%	<b>58%</b>	41%	1%	<b>74%</b>	24%
Verslun	7%	<b>56%</b>	37%	6%	<b>54%</b>	40%	12%	<b>67%</b>	21%
Fasteignaverð	2%	<b>49%</b>	48%	2%	<b>46%</b>	52%	2%	<b>66%</b>	32%

Feitretað = Hæsta meðaltalsskor

Tafla 10. Áhrif samgönguúrbóta á samfélag.

## Ferðahegðun

Samgöngur hafa áhrif á tíðni ferða innan Austurlands og er munur til staðar milli aldurshópa.

	Heild	Karlar	Konur	18-24 ára	25-34 ára	35-49 ára	50-66 ára	67 ára +
Engin áhrif	7%	6%	8%	6%	3%	5%	10%	12%
Frekar lítil áhrif	26%	29%	24%	53%	30%	23%	21%	39%
Frekar mikil áhrif	39%	39%	39%	29%	38%	45%	38%	27%
Mjög mikil áhrif	27%	26%	29%	12%	29%	27%	31%	22%

Feitretroð = Hæsta meðaltalsskor

Tafla 11. Áhrif samgangna á ferðatíðni.

Spurt var um hversu oft svarendur kæmu á staði innan Austurlands.

	Aldrei	Árlega eða sjaldnar	1-3x á ári	4-11 x á ári	Mánaðarlega	Vikulega eða oftar
Borgarfjörð eystri	9%	44%	31%	13%	1%	3%
Breiðdalsvík	11%	38%	30%	12%	5%	3%
Djúpavog	9%	36%	32%	12%	2%	9%
Egilsstaði/Fellabæ	0%	1%	4%	15%	32%	48%
Eskifjörð	4%	19%	25%	23%	17%	13%
Fáskrúðsfjörð	6%	30%	25%	18%	10%	11%
Fljótsdal	5%	33%	29%	21%	9%	3%
Fljótsdalshérað dreifbýli	6%	22%	22%	14%	17%	18%
Mjóafjörð	24%	64%	9%	2%	0%	0%
Neskaupstað	2%	19%	29%	20%	11%	18%
Reyðarfjörð	1%	8%	11%	27%	20%	33%
Seyðisfjörð	5%	34%	29%	23%	7%	2%
Stöðvarfjörð	11%	32%	29%	18%	6%	5%
Vopnafjörð	22%	53%	14%	6%	1%	4%
Akureyri	0%	6%	36%	51%	6%	0%
Höfuðborgarsvæðið	0%	10%	43%	39%	6%	1%
Önnur lönd	9%	60%	29%	1%	0%	0%

Feitretroð = Hæsta meðaltalsskor

Tafla 12. Tíðni ferða til staða innan og utan Austurlands.

Spurt var um ferðahegðun innan svæðis og skoðað var hversu oft svarendur komu á staði innan Austurlands. Í ljós kom að að meðaltali fara íbúar annarra þéttbýlisstaða en Egilsstaða þangað vikulega eða um 48% og um þriðjungur kemur þangað mánaðarlega. Rúmlega þriðjungur svarenda fer til Reyðarfjarðar vikulega eða oftar. Þar að auki segist helmingur svarenda fara til Akureyrar fjórum til ellefu sinnum á ári og rúmlega fjórðungur svarenda segist fara til höfuðborgarsvæðisins einu sinni til fjórum sinnum á ári.

## Þjónustusókn

annað var með erindi ferða milli staða á Austurlandi og spurt um atvinnu, heilbrigðisþjónustu, verslun, menningarviðburði og félagslíf.

Í töflu 13 má sjá nokkuð svipað hlutfall vinnutengdra erinda á staði innan Austurlands. Heilbrigðisþjónusta er helst sótt í Neskaupstað og Egilsstaði innan landshlutans en hátt hlutfall svarenda sækir einnig heilbrigðisþjónustu til Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Sérörur og önnur þjónusta er sótt til Egilsstaða og svo til Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Heimsóknir til fjölskyldu og vina dreifast nokkuð jafnt yfir svæðið, menningarviðburðir eru sóttir til Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins en innan svæðis er hæst hlutfall sem segist sækja menningu til Borgarfjarðar og svo Seyðisfjarðar og þar á eftir Fljótsdals, Djúpavogs og Egilsstaða.

	Atvinna	Heilbrigðisþjónusta	Dagvöruverslun	Sérörurverslun & önnur þjónusta	Hitta fjölskyldu & vini	Menningarviðburðir	Félagslíf
<i>Borgarfjörður eystri</i>	18%		2%	7%	27%	<b>77%</b>	36%
<i>Breiðdalsvík</i>	34%	3%	4%	17%	36%	29%	15%
<i>Djúpivogur</i>	32%	12%	12%	15%	36%	45%	18%
<i>Egilsstaðir/Fellabær</i>	29%	<b>40%</b>	<b>76%</b>	<b>79%</b>	<b>51%</b>	43%	32%
<i>Eskifjörður</i>	32%	23%	7%	15%	37%	30%	21%
<i>Fáskrúðsfjörður</i>	33%	11%	13%	10%	48%	23%	20%
<i>Fljótsdalshérað dreifbýli</i>	26%	2%	2%	6%	<b>65%</b>	26%	32%
<i>Fljótsdalur</i>	22%		2%	11%	32%	49%	31%
<i>Mjólfjörður</i>	21%			7%	36%	21%	27%
<i>Neskaupstaður</i>	28%	<b>67%</b>	12%	24%	34%	30%	18%
<i>Reyðarfjörður</i>	<b>40%</b>	22%	<b>55%</b>	41%	30%	8%	11%
<i>Seyðisfjörður</i>	25%	3%	4%	22%	29%	<b>58%</b>	27%
<i>Stöðvarfjörður</i>	34%	3%	4%	14%	42%	32%	15%
<i>Vopnafjörður</i>	34%	6%	10%	11%	37%	29%	26%
<i>Akureyri</i>	8%	<b>58%</b>	34%	<b>80%</b>	<b>53%</b>	<b>63%</b>	<b>37%</b>
<i>Höfuðborgarsvæðið</i>	19%	<b>73%</b>	28%	<b>75%</b>	<b>86%</b>	<b>61%</b>	<b>42%</b>

Feitrettrið = Hæsta meðalsskor

Tafla 13. Þjónustusókn innan og utan Austurlands.

## Samantekt

Markmið þessarar rannsóknar var að afla gagna og upplýsinga svo hægt væri að greina áhrif samgönguúrbóta og ferða innan svæðis á Austurlandi. Með aukinni sameiningu sveitarfélaga skapast aukin þörf til að efla og styrkja enn frekar einingu og samstöðu milli þeirra íbúa, stofnana og stjórnsýslu aðila sem sameinast. Traustar samgöngur og vegakerfi eru forsendur þess að atvinnu- og mannlíf geti vaxið og þrífist í dreifðari byggðum landsins. Á Austurlandi hafa samgöngur löngum verið erfiðar þar sem langt er á milli staða og oft illfærar leiðir sem hafa komið í veg fyrir að íbúar landshlutans geti með góðu móti sótt þjónustu, atvinnu eða viðskipti milli þéttbýliskjarna. Á undanförunum árum hafa töluverðar samgönguúrbætur orðið að veruleika sem hafa auðveldað samgöngur að miklu leyti. Þar má nefna jarðgöng milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar annars vegar og Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar hins vegar. Einnig Borgarfjarðarvegur og lagning bundins slitlags á hann.

Rannsókninni er ætlað að vera innlegg í umræðu um samgönguúrbætur sem eru eitt mikilvægasta hagsmunamál landsbyggðanna og varpa skýrara ljósi á mikilvægar spurningar sem vakna þegar rætt er um samgöngubætur í dreifðum byggðum. Niðurstöður þessara rannsókna geta nýst til að efla stefnumótun, áætlanagerð og jafnvel styðja við undirbúning samgönguúrbóta sem geta haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á ýmsa þætti byggðaþróunar fyrir þau samfélög sem þau beinast að.

Í þessari rannsókn var lagður fyrir rafrænn spurningarlisti sem öllum íbúum Austurlands stóð til boða að svara sem höfðu aðgang að neti og tölvubúnaði. Alls tóku 544 þátt þar sem konur voru 56% svarenda og karlar 44%. Niðurstöður gefa til kynna að tæplega helmingur íbúa á Austurlandi getur hugsað sér að búa á Akureyri og fjórðungur sagðist geta hugsað sér að búa á Fljótisdalshéraði. Athyglisverð niðurstaða er að einungis 5% þátttakenda geta hugsað sér að búa á Breiðdalsvík og 6% nefndu Mjóafjörð og Stöðvarfjörð sem vænlegan búsetukost. Aftur á móti gefa íbúar á Stöðvarfirði sínum stað hæstu einkunn af öllum stöðunum á Austurlandi varðandi búsetugæði og ánægju. Íbúar á Seyðisfirði og Eskifirði gáfu sínum stað lægstu einkunn af öllum. Niðurstöður gefa til kynna að Fjarðarheiðargöng séu mikilvægustu samgönguúrbæturnar sem liggja fyrir á Austurlandi. Þó er munur eftir búsetu svarenda hvaða samgönguúrbætur eru mikilvægastar. Borgfirðingar telja til að mynda Borgarfjarðarveg mikilvægastan, Djúpavogsbúar nefna Öxi og Breiðdælingar Suðurfjarðaveg.

Önnur athyglisverð niðurstaða er sú að íbúar í Fjarðabyggð eru marktækt líklegri til að meta áhrif Fjarðarheiðarganga og heilsársvegar yfir Öxi neikvæða á einhvern hátt fyrir þá sem staði sem samgönguúrbæturnar beinast að og að þær hefðu ekki áhrif á þeirra heimabyggð. Niðurstöður gefa til kynna að skortur á atvinnutækifærum sé helsta orsök brottflutnings og menntunartækifæri koma þar fast á eftir. Marktækur munur reyndist vera á milli staða á hvaða þættir hefðu áhrif á brottflutning. Til að mynda eru íbúar í Neskaupstað marktækt líklegri til að telja orsök brottflutnings vera flutninga fjölskyldu og vana á meðan íbúar á Seyðisfirði eru líklegri til að nefna samgöngur. Íbúar á Eskifirði eru

marktækt líklegri til að nefna að orsökina sé slúður. Íbúar á Breiðdalsvík, Stöðvarfirði og á Eskifirði eru líklegri en aðrir til að telja brottflutning vera vegna skorts á verslunarmöguleikum.

Þegar kemur að ferðahegðun innan Austurlands kemur í ljós að helmingur þátttakenda fer til Egilsstaða vikulega eða oftar og um þriðjungur kemur þangað mánaðarlega. Rúmlega þriðjungur svarenda fer til Reyðarfjarðar vikulega eða oftar. Um helmingur svarenda segist fara til Akureyrar fjórum til ellefu sinnum á ári og rúmlega fjórðungur svarenda segist fara til höfuðborgarsvæðisins einu sinni til fjórum sinnum á ári.

Niðurstöður gefa til kynna að flestir sækja sér heilbrigðisþjónustu í Neskaupstað og til Egilsstaða. Á sama skapi sækir hátt hlutfall svarenda slíka þjónustu til Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Um fjórðungur svarenda sækir atvinnu til Reyðarfjarðar. Þegar kemur að sérvörverslun og annarri þjónustu sækja flestir slíka þjónustu til Akureyrar og Egilsstaða. Átta af hverjum tíu sækja dagvörverslun til Egilsstaða og rétt um sex af hverjum tíu sækja slíka þjónustu til Reyðarfjarðar. Menningarviðburðir eru helst sóttir til Borgarfjarðar eystra, Akureyrar, höfuðborgarsvæðisins og Seyðisfjarðar.